

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Norðurlandi vestra.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald	kr. 5.760
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 4.200
Gjald vegna vottorða s.s. tóbakssöluleyfi	kr. 6.000

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur haft vottað gæðakerfi eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, eða uppfyllir 12. gr. reglugerðar númer 786/1999, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
og auglýsingakostnaður ef við á	

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks	
ásamt auglýsingakostnaði ef við á	

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar,	
úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á.	

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra gefur út samkvæmt fyrirleggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálf títugjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. júlí og eindagi 1. ágúst ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

8. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærrí er.

9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 734 frá 1999 fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit á Norðurlandi vestra.

Sauðárkróki, 10. desember 2001.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra,
Sigurjón Þórðarson framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A

Atvinnugreinar	Nýtt gjald kr.	Atvinnugreinar	Nýtt gjald kr.
Apótek	14.400	Áhaldahús sveitarfélags	14.400
Apótek, lítil	5.702	Bakarí, lítið	18.720
Áfengisverslun	12.960	Bakarí, miðlungs	37.440

Atvinnugreinar	Nýtt gjald kr.	Atvinnugreinar	Nýtt gjald kr.
Bensinstöðvar	18.720	Lagmetisframleiðsla, lítil	14.400
Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	8.640	Leikskólar með eldhúsi	31.680
Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	14.400	Leikskólar með eldhúsi, minni	23.040
Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	23.040	Líkamsræktarstöðvar, litlar	17.280
Bifreiðasprautun	20.160	Ljósmyndastofur með framköllun	3.960
Blikksmiði	10.080	Loðdýrabú, lítið	3.600
Bón- og bílaþvottur, handvirk	3.600	Loðdýrabú, stórt	7.920
Brauðgerð, kleinur o.fl.	7.200	Matsölustaðir, litlir	34.560
Byggingavörverslanir, litlar	7.200	Matsölustaðir, miðlungs	40.320
Byggingavörverslanir, stórar	14.400	Matsölustaðir, stórir	48.960
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	8.640	Matvöruverslun án vinnslu, lítil	28.800
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	28.800	Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	43.200
Dvalar- og hjúkrunarheimili, /án mötuneytis	34.560	Matvöruverslun án vinnslu, stór	69.120
Dvalar- og hjúkrunarheimili, með fullbúnu eldhúsi	48.960	Málningaraðstaða	3.600
Fangaklefar	15.840	Meðferðarheimili fyrir börn og unglinga	21.600
Farfuglaheimili og fjallaskálar, stærri	14.400	Mjólkurbú	172.800
Félagsheimili með eldhúsi	20.160	Mjólkurbú og ostagerð	345.600
Félagsheimili með eldhúsi, lítil	7.200	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	23.040
Fiskbúðir án vinnslu, litlar	14.400	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt	46.080
Fiskeldi, lítið	11.520	Nuddstofur	7.200
Fiskeldisstöðvar	23.040	Olíumalar- og malbikunarstöðvar	21.600
Fjallaskálar, minni	3.600	Ostagerð	172.800
Flugvellir	10.800	Prentiðnaður, lítill	7.200
Framköllun	3.900	Prentiðnaður, miðlungs	20.160
Framleiðsla á dýrafóðri	21.600	Sala á tilbúnum mat, lítil	14.400
Framleiðsla á kornvörum og þökkun	23.040	Sala eiturefna og hættulegra efna	14.400
Framleiðsla á umbúðum sem koma í snertingu við matvæli	8.640	Sjúkrahús, með fullbúnu eldhúsi	63.360
Framleiðsla gæludýrafóðurs	3.600	Sjúkraþjálfun	7.200
Framleiðsla tilbúinna rétta	23.040	Skólar án mötuneytis	14.400
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu, lítil	8.640	Skólar án mötuneytis, litlir	4.320
Garðaúðun	7.200	Skólar með fullbúnu eldhúsi	31.680
Gistiskálar og gistiheimili án veitingasölu, lítið	8.640	Skólar með móttökueldhúsi	23.040
Gúmmívinnsla	4.752	Skólar, framhalds- og háskólastig með fullbúnu eldhúsi	46.080
Hárgreiðslustofur	8.640	Skyndibitastaðir, litlir	20.160
Heildverslun með hreingerningarefni	8.640	Sláturhús, lítil	18.720
Heilsugæslustöðvar - litlar	14.400	Sláturhús, stór	37.440
Hestamiðstöð	7.200	Snyrtistofur	8.640
Hjólbarðaverkstæði	7.200	Sorpflutningar og sorphirða	25.920
Hótel og gististaðir án veitingasölu	14.400	Sorphaugar 2. fl.	146.000
Hótel og gististaðir með veitingasölu	46.080	Sorphaugar 3. fl.	110.000
Hótel og gististaðir með veitingasölu, minni	34.560	Sólbaðstofur	14.400
Íþróttahús, lítil	14.400	Spennistöðvar	8.640
Íþróttahús, miðlungs	20.160	Sultu- og ávaxtagrautargerð	40.320
Íþróttahús, stór	23.040	Sumarbúðir	21.600
Kaffisala - sumaropið	7.200	Sundstaðir, litlir	20.160
Kirkjur	3.600	Sundstaðir, miðlungs	28.800
Kítin og kítosan framleiðsla	146.000	Söfn	7.200
Kjötvinnsla, lítil	46.080	Söluturnar án óvarinna matvæla	7.200
Krár, kaffihús án matsölu	18.720	Söluturnar með óvarin matvæli	15.840
Krydd og bragðefnavinnsla, lítil	18.720	Tannlæknastofur	8.640
Krydd og bragðefnavinnsla, miðlungs	37.440	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði	7.200
Krydd og bragðefnavinnsla, stór	48.960	Trésmiðaverkstæði án lökkunar	14.400
		Trésmiðaverkstæði, lítið	7.200
		Trésmiðaverkstæði með lökkun	21.600
		Útihátíðir	14.400
		Vatnsaflsvirkjanir >50 MW	63.360
		Vatnsaflsvirkjanir 10 - 50 MW	31.680
		Vatnsaflsvirkjanir 2 - 10 MW	25.920

Atvinnugreinar	Nýtt gjald kr.	Atvinnugreinar	Nýtt gjald kr.
Vatnsveitur <500 íbúa	14.400	Vinnsla á fiski, lítil	7.200
Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	64.800	Vinnsla á fiski, miðlungs	20.160
Vatnsveitur 500 - 2000 íbúa	28.800	Vinnsla á fiski, stór	37.440
Veitingasöluvagnar	5.040	Vöruflutningamiðstöðvar	15.840
Verkstæði fyrirtækja	9.360	Vöruflutningamiðstöðvar, litlar	7.200
Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði	17.280	Þvottahús og efnalaugar	8.640
Viðgerðaraðstaða	5.040		